



Hreinsun holu SG-6. Greining á
útfellingasýnum

Hjalti Franzson, Svanur Pálsson

Greinargerð HF-SvP-91-02

HREINSUN HOLU SG-6 GREINING Á ÚTFELLINGASÝNUM

Þrjú sýni náðust við hreinsun holu SG-6. Þau voru tekin á yfirborði þegar borkróna var á 680 m, 682 m og 684 m dýpi.

Útfellingar voru ráðandi í öllum þremur sýnanna. Bergbrot voru innan við 5% af sýninu teknu í 680 m, um 10-20% í 682 m og innan við 10 % í sýninu í 684 m. Ljóst er því að sýnin eru af útfellingum sem innan holunnar.

Útfellingarnar eru af tveimur megingerðum, og eru einstök svarfkorn ýmist af annarri gerðinni eða hinn, en það gæti bent til lagskiptingar milli þessara gerða.

Tvö sýni voru fyrir forvitnissakir röntgengreind. Tvær tegundir steinda komu þar fram. Önnur þeirra var kalsít/aragonít, en hin heitir hvorki meira né minna en Xonotlite. Sú síðarnefnda, sem hefur efnasamsetninguna $\text{Ca}_6\text{Si}_6\text{O}_{17}(\text{OH})_2$, hefur ekki fundist hér á landi fyrr. Steindin hefur hörku upp á rúmlega 6. Þessi háa harka getur mögulega skýrt lágan borhraða í hreinsuninni. Verið er að gera þunnsneiðar af steindinni, og mögulega verður síðar útbúið sýni til greiningar í rafeindasmásjóni til að negla niður efnasamsetninguna.

Reykjavík, 24. júní 1991

Hjalti Franzson og Svanur Pálsson